



Fundargerð

294. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 27.febrúar 2025, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2024 (2025010261)

Farið var yfir stöðu endurskoðunar á ársreikningi Reykjaneshafnar vegna ársins 2024.

2. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Verkfundargerðir nr. 9, 10 og 11 lagðar fram.

3. Helguvíkurhöfn – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir ýmsa þætti í tengslum við uppbyggingu á Suðurbakka Helguvíkurhafnar og tengdra þátta. Einnig kynnt drög að samstarfssamkomulagi varðandi uppbyggingu í Helguvíkurhöfn milli utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslu Íslands, Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar.

Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra að vinna málið áfram.

4. K64 - Hringrásariðngarður (2023100396)

Farið yfir stöðuna í verkefninu K64 - Hringrásariðngarður.

5. Hafnasamband Íslands – fundargerð stjórnar 24. janúar 2025 (2025020388)

Fundargerð 469. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 24. janúar sl. lögð fram.

6. Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs (2025010264)

Farið var yfir þau mál sem til umfjöllunar eru hjá samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs.

7. Skemmtiferðaskip (2025020389)

Ákveðið hefur verið að stofna samráðshóp milli atvinnu- og hafnarráðs og menningar- og þjónusturáðs í tengslum við komu skemmtiferðaskipa í Keflavíkurhöfn. Hjörtur M. Guðbjartsson formaður fór yfir þær hugmyndir sem liggja þar til grundvallar.

Atvinnu- og hafnarráð tilnefnir Hjört M. Guðbjartsson og Alexander Ragnarsson til setu í viðkomandi samráðshópi ásamt Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra.

8. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2025010262)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:28.